

AUGLÝSING

um samning um að draga úr ríkisfangsleysi frá 1961.

Hinn 26. janúar 2021 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent aðildarskjal Íslands vegna samnings um að draga úr ríkisfangsleysi sem gerður var í New York 3. ágúst 1961. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 26. apríl 2021.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 18. febrúar 2021.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.**SAMNINGUR UM AÐ DRAGA ÚR RÍKISFANGSLEYSI**

Samningsríki,

SEM STARFA í samræmi við ályktun 896 (IX), sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti 4. desember 1954,

SEM HAFA Í HUGA að æskilegt er að draga úr ríkisfangsleysi með alþjóðasamningi,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT um eftirfarandi:

1. gr.

1. Samningsríki skal veita barni ríkisfang, sem fæðist á landsvæði þess, sem yrði að öðrum kosti án ríkisfangs. Veita ber þess konar ríkisfang:
 - a) að lögum við fæðingu eða
 - b) eftir að hlutaðeigandi einstaklingur eða annar fyrir hans hönd hefur lagt fram umsókn hjá þar til bæru stjórnvaldi með þeim hætti sem lög ríkisins kveða á um. Með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar er óheimilt að hafna umsókn af þessu tagi.Samningsríki, sem kveður á um veitingu ríkisfangs í samræmi við b-lið þessarar málsgreinar, getur einnig að lögum kveðið á um veitingu ríkisfangs við þann aldur og háð þeim skilyrðum sem kann að vera mælt fyrir um í landslögum.
2. Samningsríki getur veitt ríkisfang í samræmi við b-lið 1. mgr. þessarar greinar með fyrirvara um eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða:
 - a) að umsóknin sé lögð fram á tímabili sem samningsríkið ákveður og hefst eigi síðar en við 18 ára aldur og lýkur eigi fyrr en við 21 árs aldur þó þannig að viðkomandi einstaklingur hafi a.m.k. eitt ár til þess að ganga frá umsókninni án þess að þurfa til þess lagalega heimild,
 - b) að viðkomandi einstaklingur hafi haft fasta búsetu á landsvæði samningsríkisins á tímabili sem ríkið kann að ákveða að verði ekki lengra en næstliðin fimm ár áður en umsóknin er lögð fram og ekki lengra en 10 ár alls,
 - c) að viðkomandi einstaklingur hafi hvorki gerst sekur um brot gegn þjóðaröryggi né hlotið fimm ára fangelsisdóm eða lengri fyrir hegningarlagabrot,
 - d) að viðkomandi einstaklingur hafi alltaf verið ríkisfangslaus.
3. Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar skal barn sem fæðist í hjónabandi á landsvæði samningsríkis, þar sem móðir þess hefur ríkisfang, fá sama ríkisfang við fæðingu ef það verður að öðrum kosti ríkisfangslaust.
4. Samningsríki skal veita einstaklingi ríkisfang, sem verður að öðrum kosti ríkisfangslaus og getur ekki fengið ríkisfang í því samningsríki þar sem hann er fæddur af þeirri ástæðu að hann er kominn yfir þann aldur að geta lagt fram umsókn eða hefur ekki uppfyllt skilyrði um búsetu, ef ríkisfang annars hvors foreldris hans er í fyrstnefnda samningsríkinu hér að framan við fæðingu hans. Ef foreldrar hans hafa ekki sama ríkisfang við fæðingu hans skal ákvarða samkvæmt landslögum þess samningsríkis hvort viðkomandi einstaklingur skuli fylgja ríkisfangi föður eða móður. Ef krafist er umsóknar um slíkt ríkisfang skal umsækjandi, eða annar fyrir hans hönd, beina umsókninni til þar til bærs stjórnvalds með þeim hætti sem mælt er fyrir um í landslögum. Með fyrirvara um 5. mgr. þessarar greinar skal ekki hafna umsókn af þessu tagi.
5. Samningsríkið getur veitt ríkisfang í samræmi við ákvæði 4. mgr. þessarar greinar með fyrirvara um eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða:
 - a) að umsóknin sé lögð fram áður en umsækjandi nær þeim aldri, sem samningsríkið ákveður, sem er þó ekki lægri en 23 ár,
 - b) að viðkomandi einstaklingur hafi haft fasta búsetu á landsvæði samningsríkisins á því tímabili sem ríkið kann að ákveða að verði ekki lengra en næstliðin þrjú ár áður en umsóknin er lögð fram,
 - c) að viðkomandi einstaklingur hafi alltaf verið ríkisfangslaus.

2. gr.

Nýburi sem finnst á landsvæði sammingsríkis skal, ef ekki kemur fram sönnun um hið gagnstæða, talinn fæddur á landsvæði foreldra sem hafa ríkisfang í því ríki.

3. gr.

Til þess að ákvarða skyldu sammingsríkja samkvæmt þessum samningi skal litið svo á að fæðing barns um borð í skipi eða loftfari hafi átt sér stað á landsvæði fánaríkis skipsins eða á landsvæði skráningarríkis loftfarsins, eftir atvikum.

4. gr.

1. Sammingsríki skal veita einstaklingi, sem er ekki fæddur á landsvæði sammingsríkis en yrði að öðrum kosti ríkisfangslaus, ríkisfang ef annað hvort foreldri hans var með ríkisfang í því ríki við fæðingu hans. Ef foreldrar hans hafa ekki sama ríkisfang við fæðingu hans skal ákvarða samkvæmt landslögum þess sammingsríkis hvort viðkomandi einstaklingur skuli fylgja ríkisfangi föður eða móður. Ríkisfang, sem er veitt í samræmi við ákvæði þessarar málsgreinar, skal veitt:
 - a) að lögum við fæðingu eða
 - b) eftir að hlutaðeigandi einstaklingur eða annar fyrir hans hönd hefur lagt fram umsókn hjá þar til bæru stjórnvaldi með þeim hætti sem lög ríkisins kveða á um. Með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. þessarar greinar er óheimilt að hafna umsókn af þessu tagi.
2. Sammingsríki getur veitt ríkisfang í samræmi við ákvæði 1. mgr. þessarar greinar með fyrirvara um eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða:
 - a) að umsóknin sé lögð fram áður en umsækjandi nær þeim aldri, sem sammingsríkið ákveður, sem er þó ekki lægri en 23 ár,
 - b) að viðkomandi einstaklingur hafi haft fasta búsetu á landsvæði sammingsríkisins á því tímabili sem ríkið kann að ákveða að verði ekki lengra en næstliðin þrjú ár áður en umsóknin er lögð fram,
 - c) að viðkomandi einstaklingur hafi ekki gerst sekur um brot gegn þjóðaröryggi,
 - d) að viðkomandi einstaklingur hafi alltaf verið ríkisfangslaus.

5. gr.

1. Ef lög sammingsríkis fela í sér missi ríkisfangs í kjölfar breytingar á persónulegri stöðu einstaklings, s.s. hjónaband, slit hjónabands, skilgerð, viðurkenning eða ættleiðing, skal missir háður því að viðkomandi hafi eða fái annað ríkisfang,
2. Ef barn, sem fæðist utan hjónabands samkvæmt lögum sammingsríkis, missir ríkisfang sitt í því ríki í kjölfar viðurkenningar á faðerni skal það fá tækifæri til að endurheimta ríkisfang sitt með skriflegri umsókn til þar til bærs stjórnvalds og skulu skilyrði varðandi slíka umsókn ekki vera strangari en þau sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. þessa sammings.

6. gr.

Ef kveðið er á um í lögum sammingsríkis að maki eða börn einstaklings missi ríkisfang sitt í kjölfar þess að einstaklingurinn hefur misst eða verið sviptur því ríkisfangi skal slíkur missir háður því að viðkomandi hafi eða fái annað ríkisfang.

7. gr.

1. a) Ef afsal ríkisfangs er heimilað í lögum sammingsríkis skal slíkt afsal ekki leiða til missis ríkisfangs nema viðkomandi einstaklingur hafi eða fái annað ríkisfang.
b) Ákvæði a-liðar þessarar málsgreinar gilda ekki þegar beiting þeirra væri í ósamræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í 13. og 14. gr. almennu mannréttindayfirlýsingarinnar sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti 10. desember 1948.
2. Ríkisborgari sammingsríkis sem sækir um ríkisborgararétt í öðru landi skal ekki missa ríkisfang sitt nema hann fái eða hafi fengið fullvissu fyrir því að fá ríkisfang í því landi.

3. Með fyrirvara um ákvæði 4. og 5. mgr. þessarar greinar skal ríkisborgari samningsríkis ekki missa ríkisfang sitt, og verða þar með ríkisfangslaus, á grundvelli brottfarar, búsetu erlendis, að hafa ekki sinnt skráningu eða af sambærilegri ástæðu.
4. Einstaklingur sem hefur fengið ríkisfang kann að missa ríkisfang sitt á grundvelli búsetu erlendis í minnst sjö ár samfleytt, eins og tilgreint er í lögum viðkomandi samningsríkis, ef hann lýsir því ekki yfir við þar til bært stjórnvald að hann hyggist halda ríkisfangi sínu.
5. Þegar um er að ræða ríkisborgara samningsríkis, sem er fæddur utan landsvæðis þess, er í lögum þess ríkis hægt að binda það að halda ríkisfangi sínu, að liðnu einu ári frá því að lögræðisaldri er náð, skilyrði um búsetu á þeim tíma á landsvæði ríkisins eða skráningu hjá þar til bæru stjórnvaldi.
6. Einstaklingur skal ekki missa ríkisfang í samningsríki verði hann við það ríkisfangslaus, þrátt fyrir að ekki sé lagt bann við slíkum missi með skýrum hætti í öðru ákvæði þessa samnings, nema í þeim aðstæðum sem um getur í þessari grein.

8. gr.

1. Samningsríki skal ekki svipta einstakling ríkisfangi sínu verði hann við það ríkisfangslaus.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar má svipta einstakling ríkisfangi sínu í samningsríki:
 - a) við aðstæður þar sem slíkt er leyfilegt skv. 4. og 5. mgr. 7. gr.,
 - b) þegar ríkisfang hefur fengist með rangri staðhæfingu eða sviksamlegum hætti.
3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar getur samningsríki áskilið sér rétt til að svipta einstakling ríkisfangi sínu ef það gerir slíkt við undirritun, fullgildingu eða aðild og tilgreinir eina eða fleiri eftirfarandi ástæðna sem er að finna í landslögum á þeim tíma:
 - a) ef einstaklingurinn, gagnstætt hollustuskyldu sinni gagnvart samningsríkinu
 - i. hefur, þrátt fyrir skýrt bann samningsríkisins, veitt eða haldið áfram að veita öðru ríki þjónustu eða tekið við eða haldið áfram að taka við þóknun frá öðru ríki eða
 - ii. hefur gerst sekur um háttsemi sem er mjög skaðleg hagsmunum ríkisins,
 - b) ef einstaklingurinn hefur svarið eið að því eða gefið formlega yfirlýsingu um hollustu við annað ríki eða gefið öruggar sannanir fyrir þeirri ákvörðun sinni að falla frá hollustu sinni við samningsríkið.
4. Aðildarríki skal ekki nýta heimild sína til þeirrar sviptingar sem fram kemur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar nema slíkt sé í samræmi við lög þar sem kveðið skal á um rétt viðkomandi einstaklings til sanngjarnrar áheyrnar fyrir dómstóli eða öðrum óháðum aðila.

9. gr.

Samningsríki má ekki svipta einstakling eða hóp einstaklinga ríkisfangi sínu af ástæðum er varða kynþátt, þjóðerni, trúarbrögð eða stjórnmálaskoðanir.

10. gr.

1. Í sérhverjum sáttmála milli samningsríkja um framsal eða afsal landsvæða skulu vera ákvæði er tryggja að enginn verði ríkisfangslaus í kjölfar framsalsins eða afsalsins. Samningsríki skal gera sitt ytrasta til að tryggja að sáttmáli af þessu tagi sem það gerir við annað ríki, sem á ekki aðild að þessum samningi, feli í sér slík ákvæði.
2. Ef ekki liggja fyrir slík ákvæði skal sá samningsaðili sem tekur við landsvæði eða fær það með öðrum hætti veita þeim einstaklingum ríkisfang sem yrðu að öðrum kosti ríkisfangslausir í kjölfar framsals eða afsals eða öflunar landsvæðis.

11. gr.

Samningsríkin skulu vinna að því að koma á fót innan vébanda Sameinuðu þjóðanna, eins fljótt og frekast er unnt eftir að sjötta skjalið um fullgildingu eða aðild hefur verið afhent til vörslu, stofnun sem einstaklingur, sem vill njóta hags af samningnum, getur leitað til í því skyni að fá fjallað um kröfu sína og aðstoð við að koma henni á framfæri við þar til bært stjórnvald.

12. gr.

1. Ákvæði 1. mgr. 1. eða 4. gr. þessa samnings skulu gilda, eftir atvikum, í tengslum við samningsríki, sem veitir ekki ríkisfang að lögum við fæðingu í samræmi við ákvæði 1. mgr. 1. eða 4. gr., eftir atvikum, um einstaklinga sem eru fæddir fyrir jafnt og eftir gildistöku þessa samnings.
2. Ákvæði 4. mgr. 1. gr. þessa samnings skulu gilda um einstaklinga sem eru fæddir fyrir jafnt og eftir gildistöku hans.
3. Ákvæði 2. gr. þessa samnings skulu gilda um nýbura sem finnast á landsvæði samningsríkis eftir að samningurinn öðlast gildi gagnvart því ríki.

13. gr.

Ekki skal líta svo á að þessi samningur hafi áhrif á núgildandi eða síðari ákvæði sem eru betur til þess fallin að draga úr ríkisfangsleysi og er að finna í lögum samningsríkis eða í öðrum núgildandi eða síðari samningi, sáttmála eða samkomulagi milli tveggja samningsríkja eða fleiri.

14. gr.

Vísa skal deilu milli samningsríkja varðandi túlkun eða beitingu þessa samnings, sem ekki er unnt að leysa eftir öðrum leiðum, til Alþjóðadómstólsins í Haag að beiðni hvaða deiluaðila sem er.

15. gr.

1. Þessi samningur gildir um öll landsvæði sem lúta ekki eigin stjórn, verndarsvæði, nýlendur og önnur landsvæði utan heimalandsvæðis að því er varðar alþjóðasamskipti sem samningsríki ber ábyrgð á; viðkomandi samningsríki skal, með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar, við undirritun, fullgildingu eða aðild, gefa yfirlýsingu um þau landsvæði utan heimalandsvæðis sem samningurinn skal einnig gilda um, af þeim sökum, í kjölfar slíkrar undirritunar, fullgildingar eða aðildar.
2. Í tilvikum, þar sem ekki er litið á landsvæði utan heimalandsvæðis sem heimalandsvæði í tengslum við ríkisfang eða í tilvikum þar sem krafist er fyrirframsamþykkis landsvæðis utan heimalandsvæðis samkvæmt stjórnskipunarlægum eða -venjum samningsríkisins eða landsvæðisins utan heimalandsvæðis hvað varðar beitingu samningsins á því landsvæði, skal samningsríkið leitast við að tryggja nauðsynlegt samþykki landsvæðisins utan heimalandsvæðis innan 12 mánaða frá undirritun samningsins af hálfu þess samningsríkis og þegar samþykkið fæst skal samningsríkið tilkynna aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um það. Þessi samningur gildir á því landsvæði eða þeim landsvæðum sem getið er í tilkynningunni frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn veitir henni viðtöku.
3. Að liðnum þeim 12 mánuðum, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, skulu viðkomandi samningsríki upplýsa aðalframkvæmdastjóran um niðurstöður viðræðna við þessi landsvæði utan heimalandsvæðis hvað varðar þau alþjóðasamskipti sem þau bera ábyrgð á og ef samþykki þeirra fyrir beitingu þessa samnings hefur ekki fengist.

16. gr.

1. Samningur þessi skal vera opinn til undirritunar í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna frá 30. ágúst 1961 til 31. maí 1962.
2. Samningurinn skal liggja frammi til undirritunar af hálfu:
 - a) aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna,
 - b) annars ríkis sem fær boð um að koma á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um að koma í veg fyrir eða draga úr ríkisfangsleysi í framtíðinni,
 - c) hvers þess ríkis sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna kann að bjóða að undirrita eða gerast aðili að samningnum.
3. Fullgilda skal samning þennan og afhenda fullgildingarskjölin aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.
4. Þau ríki sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar geta gerst aðilar að þessum samningi. Aðild skal koma til framkvæmda um leið og aðildarskjal er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

17. gr.

1. Við undirritun, fullgildingu eða aðild getur ríki sett fyrirvara við 11., 14. eða 15. gr.
2. Óheimilt er að gera aðra fyrirvara við samning þennan.

18. gr.

1. Samningur þessi öðlast gildi tveimur árum eftir þann dag þegar sjötta skjalið um fullgildingu eða aðild er afhent til vörslu.
2. Samningur þessi öðlast gildi, gagnvart sérhverju ríki sem fullgildir samninginn eða gerist aðili að honum, 90 dögum eftir að fyrirnefnt ríki afhendir sjötta skjalið um fullgildingu eða aðild til vörslu eða þann dag þegar samningur þessi öðlast gildi í samræmi við ákvæði 1. mgr. þessarar greinar, hvort sem síðar verður.

19. gr.

1. Samningsríki getur sagt samningi þessum upp hvenær sem er með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Uppsögnin skal taka gildi að því er viðkomandi samningsríki varðar einu ári eftir að aðalframkvæmdastjórinn tekur við henni.
2. Í þeim tilvikum þegar þessi samningur hefur tekið gildi gagnvart landsvæði utan heimalandsvæðis samningsríkis, í samræmi við ákvæði 15. gr. þessa samnings, getur ríkið hvenær sem er eftir það, með samþykki viðkomandi landsvæðis, sent tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og sagt samningnum upp aðeins fyrir það landsvæði. Uppsögnin skal taka gildi einu ári eftir þann dag sem aðalframkvæmdastjórinn tekur við tilkynningunni og skal hann tilkynna öllum hinum samningsríkjunum um hana og viðtökudag hennar.

20. gr.

1. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum ríkjum, sem eiga aðild að Sameinuðu þjóðunum og öðrum ríkjum sem um getur í 16. gr., um eftirfarandi:
 - a) undirritun, fullgildingu og aðild skv. 16. gr.,
 - b) fyrirvara skv. 17. gr.,
 - c) gildistökudag þessa samnings skv. 18. gr.,
 - d) uppsagnir skv. 19. gr.
2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal, eigi síðar en þegar sjötta skjalið um fullgildingu eða aðild er afhent til vörslu, vekja athygli allsherjarþingsins á því hvort koma ætti á fót þeirri stofnun sem þar er nefnd, í samræmi við 11. gr.

21. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal skrá samning þennan á gildistökudegi hans.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í New York 30. ágúst 1961 í einu eintaki og skal það afhent skjalasafni Sameinuðu þjóðanna til vörslu en textar þess á kínversku, ensku, frönsku, rússnesku og spænsku eru jafngildir og skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna senda öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna og öðrum ríkjum sem um getur í 16. gr. þessa samnings staðfest endurrit.

CONVENTION ON THE REDUCTION OF STATELESSNESS

The Contracting States,

Acting in pursuance of resolution 896 (IX), adopted by the General Assembly of the United Nations on 4 December 1954,

Considering it desirable to reduce statelessness by international agreement,

Have agreed as follows:

Article 1

1. A Contracting State shall grant its nationality to a person born in its territory who would otherwise be stateless. Such nationality shall be granted:
 - a) at birth, by operation of law, or
 - b) upon an application being lodged with the appropriate authority, by or on behalf of the person concerned, in the manner prescribed by the national law. Subject to the provisions of paragraph 2 of this Article, no such application may be rejected.

A Contracting State which provides for the grant of its nationality in accordance with sub-paragraph (b) of this paragraph may also provide for the grant of its nationality by operation of law at such age and subject to such conditions as may be prescribed by the national law.
2. A Contracting State may make the grant of its nationality in accordance with sub-paragraph (b) of paragraph 1 of this Article subject to one or more of the following conditions:
 - a) that the application is lodged during a period, fixed by the Contracting State, beginning not later than at the age of eighteen years and ending not earlier than at the age of twenty-one years, so, however, that the person concerned shall be allowed at least one year during which he may himself make the application without having to obtain legal authorization to do so;
 - b) that the person concerned has habitually resided in the territory of the Contracting State for such period as may be fixed by that State, not exceeding five years immediately preceding the lodging of the application nor ten years in all;
 - c) that the person concerned has neither been convicted of an offence against national security nor has been sentenced to imprisonment for a term of five years or more on a criminal charge;
 - d) that the person concerned has always been stateless.
3. Notwithstanding the provisions of paragraphs 1 (b) and 2 of this Article, a child born in wedlock in the territory of a Contracting State, whose mother has the nationality of that State, shall acquire at birth that nationality if it otherwise would be stateless.
4. A Contracting State shall grant its nationality to a person who would otherwise be stateless and who is unable to acquire the nationality of the Contracting State in whose territory he was born because he has passed the age for lodging his application or has not fulfilled the required residence conditions, if the nationality of one of his parents at the time of the person's birth was that of the Contracting State first above mentioned. If his parents did not possess the same nationality at the time of his birth, the question whether the nationality of the person concerned should follow that of the father or that of the mother shall be determined by the national law of such Contracting State. If application for such nationality is required, the application shall be made to the appropriate authority by or on behalf of the applicant in the manner prescribed by the national law. Subject to the provisions of paragraph 5 of this Article, such application shall not be refused.
5. The Contracting State may make the grant of its nationality in accordance with the provisions of paragraph 4 of this Article subject to one or more of the following conditions:
 - a) that the application is lodged before the applicant reaches an age, being not less than twenty-three years, fixed by the Contracting State;
 - b) that the person concerned has habitually resided in the territory of the Contracting State for such period immediately preceding the lodging of the application, not exceeding three years, as may be fixed by that State;
 - c) that the person concerned has always been stateless

Article 2

A foundling found in the territory of a Contracting State shall, in the absence of proof to the contrary, be considered to have been born within that territory of parents possessing the nationality of that State.

Article 3

For the purpose of determining the obligations of Contracting States under this Convention, birth on a ship or in an aircraft shall be deemed to have taken place in the territory of the State whose flag the ship flies or in the territory of the State in which the aircraft is registered, as the case may be.

Article 4

1. A Contracting State shall grant its nationality to a person, not born in the territory of a Contracting State, who would otherwise be stateless, if the nationality of one of his parents at the time of the person's birth was that of that State. If his parents did not possess the same nationality at the time of his birth, the question whether the nationality of the person concerned should follow that of the father or that of the mother shall be determined by the national law of such Contracting State. Nationality granted in accordance with the provisions of this paragraph shall be granted:
 - a) at birth, by operation of law, or
 - b) upon an application being lodged with the appropriate authority, by or on behalf of the person concerned, in the manner prescribed by the national law. Subject to the provisions of paragraph 2 of this Article, no such application may be rejected.
2. A Contracting State may make the grant of its nationality in accordance with the provisions of paragraph 1 of this Article subject to one or more of the following conditions:
 - a) that the application is lodged before the applicant reaches an age, being not less than twenty-three years, fixed by the Contracting State;
 - b) that the person concerned has habitually resided in the territory of the Contracting State for such period immediately preceding the lodging of the application, not exceeding three years, as may be fixed by that State;
 - c) that the person concerned has not been convicted of an offence against national security;
 - d) that the person concerned has always been stateless.

Article 5

1. If the law of a Contracting State entails loss of nationality as a consequence of any change in the personal status of a person such as marriage, termination of marriage, legitimation, recognition or adoption, such loss shall be conditional upon possession or acquisition of another nationality.
2. If, under the law of a Contracting State, a child born out of wedlock loses the nationality of that State in consequence of a recognition of affiliation, he shall be given an opportunity to recover that nationality by written application to the appropriate authority, and the conditions governing such application shall not be more rigorous than those laid down in paragraph 2 of Article 1 of this Convention.

Article 6

If the law of a Contracting State provides for loss of its nationality by a person's spouse or children as a consequence of that person losing or being deprived of that nationality, such loss shall be conditional upon their possession or acquisition of another nationality.

Article 7

1.
 - a) If the law of a Contracting State permits renunciation of nationality, such renunciation shall not result in loss of nationality unless the person concerned possesses or acquires another nationality.
 - b) The provisions of sub-paragraph (a) of this paragraph shall not apply where their application would be inconsistent with the principles stated in Articles 13 and 14 of the Universal

Declaration of Human Rights approved on 10 December 1948 by the General Assembly of the United Nations.

2. A national of a Contracting State who seeks naturalization in a foreign country shall not lose his nationality unless he acquires or has been accorded assurance of acquiring the nationality of that foreign country.
3. Subject to the provisions of paragraphs 4 and 5 of this Article, a national of a Contracting State shall not lose his nationality, so as to become stateless, on the ground of departure, residence abroad, failure to register or on any similar ground.
4. A naturalized person may lose his nationality on account of residence abroad for a period, not less than seven consecutive years, specified by the law of the Contracting State concerned if he fails to declare to the appropriate authority his intention to retain his nationality.
5. In the case of a national of a Contracting State, born outside its territory, the law of that State may make the retention of its nationality after the expiry of one year from his attaining his majority conditional upon residence at that time in the territory of the State or registration with the appropriate authority.
6. Except in the circumstances mentioned in this Article, a person shall not lose the nationality of a Contracting State, if such loss would render him stateless, notwithstanding that such loss is not expressly prohibited by any other provision of this Convention.

Article 8

1. A Contracting State shall not deprive a person of its nationality if such deprivation would render him stateless.
2. Notwithstanding the provisions of paragraph 1 of this Article, a person may be deprived of the nationality of a Contracting State:
 - a) in the circumstances in which, under paragraphs 4 and 5 of Article 7, it is permissible that a person should lose his nationality;
 - b) where the nationality has been obtained by misrepresentation or fraud.
3. Notwithstanding the provisions of paragraph 1 of this Article, a Contracting State may retain the right to deprive a person of his nationality, if at the time of signature, ratification or accession it specifies its retention of such right on one or more of the following grounds, being grounds existing in its national law at that time:
 - a) that, inconsistently with his duty of loyalty to the Contracting State, the person
 - i. has, in disregard of an express prohibition by the Contracting State rendered or continued to render services to, or received or continued to receive emoluments from, another State, or
 - ii. has conducted himself in a manner seriously prejudicial to the vital interests of the State;
 - b) that the person has taken an oath, or made a formal declaration, of allegiance to another State, or given definite evidence of his determination to repudiate his allegiance to the Contracting State.
4. A Contracting State shall not exercise a power of deprivation permitted by paragraphs 2 or 3 of this Article except in accordance with law, which shall provide for the person concerned the right to a fair hearing by a court or other independent body.

Article 9

A Contracting State may not deprive any person or group of persons of their nationality on racial, ethnic, religious or political grounds.

Article 10

1. Every treaty between Contracting States providing for the transfer of territory shall include provisions designed to secure that no person shall become stateless as a result of the transfer. A Contracting State shall use its best endeavours to secure that any such treaty made by it with a State which is not a party to this Convention includes such provisions.

2. In the absence of such provisions a Contracting State to which territory is transferred or which otherwise acquires territory shall confer its nationality on such persons as would otherwise become stateless as a result of the transfer or acquisition.

Article 11

The Contracting States shall promote the establishment within the framework of the United Nations, as soon as may be after the deposit of the sixth instrument of ratification or accession, of a body to which a person claiming the benefit of this Convention may apply for the examination of his claim and for assistance in presenting it to the appropriate authority.

Article 12

1. In relation to a Contracting State which does not, in accordance with the provisions of paragraph 1 of Article 1 or of Article 4 of this Convention, grant its nationality at birth by operation of law, the provisions of paragraph 1 of Article 1 or of Article 4, as the case may be, shall apply to persons born before as well as to persons born after the entry into force of this Convention.
2. The provisions of paragraph 4 of Article 1 of this Convention shall apply to persons born before as well as to persons born after its entry into force.
3. The provisions of Article 2 of this Convention shall apply only to foundlings found in the territory of a Contracting State after the entry into force of the Convention for that State.

Article 13

This Convention shall not be construed as affecting any provisions more conducive to the reduction of statelessness which may be contained in the law of any Contracting State now or hereafter in force, or may be contained in any other convention, treaty or agreement now or hereafter in force between two or more Contracting States.

Article 14

Any dispute between Contracting States concerning the interpretation or application of this Convention which cannot be settled by other means shall be submitted to the International Court of Justice at the request of any one of the parties to the dispute.

Article 15

1. This Convention shall apply to all non-self-governing, trust, colonial and other non-metropolitan territories for the international relations of which any Contracting State is responsible; the Contracting State concerned shall, subject to the provisions of paragraph 2 of this Article, at the time of signature, ratification or accession, declare the non-metropolitan territory or territories to which the Convention shall apply ipso facto as a result of such signature, ratification or accession.
2. In any case in which, for the purpose of nationality, a non-metropolitan territory is not treated as one with the metropolitan territory, or in any case in which the previous consent of a non-metropolitan territory is required by the constitutional laws or practices of the Contracting State or of the non-metropolitan territory for the application of the Convention to that territory, that Contracting State shall endeavour to secure the needed consent of the non-metropolitan territory within the period of twelve months from the date of signature of the Convention by that Contracting State, and when such consent has been obtained the Contracting State shall notify the Secretary-General of the United Nations. This Convention shall apply to the territory or territories named in such notification from the date of its receipt by the Secretary-General
3. After the expiry of the twelve-month period mentioned in paragraph 2 of this Article, the Contracting States concerned shall inform the Secretary-General of the results of the consultations with those non-metropolitan territories for whose international relations they are responsible and whose consent to the application of this Convention may have been withheld.

Article 16

1. This Convention shall be open for signature at the Headquarters of the United Nations from 30 August 1961 to 31 May 1962.
2. This Convention shall be open for signature on behalf of:
 - a) any State Member of the United Nations;
 - b) any other State invited to attend the United Nations Conference on the Elimination or Reduction of Future Statelessness;
 - c) any State to which an invitation to sign or to accede may be addressed by the General Assembly of the United Nations.
3. This Convention shall be ratified and the instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.
4. This Convention shall be open for accession by the States referred to in paragraph 2 of this Article. Accession shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Secretary-General of the United Nations.

Article 17

1. At the time of signature, ratification or accession any State may make a reservation in respect of Articles 11, 14 or 15.
2. No other reservations to this Convention shall be admissible.

Article 18

1. This Convention shall enter into force two years after the date of the deposit of the sixth instrument of ratification or accession.
2. For each State ratifying or acceding to this Convention after the deposit of the sixth instrument of ratification or accession, it shall enter into force on the ninetieth day after the deposit by such State of its instrument of ratification or accession or on the date on which this Convention enters into force in accordance with the provisions of paragraph 1 of this Article, whichever is the later.

Article 19

1. Any Contracting State may denounce this Convention at any time by a written notification addressed to the Secretary-General of the United Nations. Such denunciation shall take effect for the Contracting State concerned one year after the date of its receipt by the Secretary-General.
2. In cases where, in accordance with the provisions of Article 15, this Convention has become applicable to a non-metropolitan territory of a Contracting State, that State may at any time thereafter, with the consent of the territory concerned, give notice to the Secretary-General of the United Nations denouncing this Convention separately in respect of that territory. The denunciation shall take effect one year after the date of the receipt of such notice by the Secretary-General, who shall notify all other Contracting States of such notice and the date or receipt thereof.

Article 20

1. The Secretary-General of the United Nations shall notify all Members of the United Nations and the non-member States referred to in Article 16 of the following particulars:
 - a) signatures, ratifications and accessions under Article 16;
 - b) reservations under Article 17;
 - c) the date upon which this Convention enters into force in pursuance of Article 18;
 - d) denunciations under Article 19.
2. The Secretary-General of the United Nations shall, after the deposit of the sixth instrument of ratification or accession at the latest, bring to the attention of the General Assembly the question of the establishment, in accordance with Article 11, of such a body as therein mentioned.

Article 21

This Convention shall be registered by the Secretary-General of the United Nations on the date of its entry into force.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned Plenipotentiaries have signed this Convention.

DONE at New York, this thirtieth day of August, one thousand nine hundred and sixty-one, in a single copy, of which the Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic and which shall be deposited in the archives of the United Nations, and certified copies of which shall be delivered by the Secretary-General of the United Nations to all Members of the United Nations and to the non-member States referred to in Article 16 of this Convention.

C-deild – Útgáfud.: 21. apríl 2021